

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík 10. mars 2023

**Tilv: 153.löggjafarþing
2022-2023, þingskjal 25 – 25.mál**

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsumats í íslenska löggjöf.

Með tölvupósti, dags. 28. febrúar 2023 óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um tillögu til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsumats í íslenska löggjöf.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins styður eindregið að lýðheilsumat verði fest í sessi hér á landi. Slíkt mat er mikilvægur liður í því að fyrirbyggja vanheilsu, líkamlega, andlega og félagslega. Slík nálgun eflir í senn virkni einstaklinga í samfélaginu og dregur úr álagi á heilbrigðiskerfið. Það er því allra hagar að lýðheilsa sé höfð að leiðarljósi við alla áætlanagerð og stefnumótun.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Óskar Reykdalsson, forstjóri